

## High/Scope

High/Scope er hugmynda- og kennslufræði sem mótaðist á sjöunda áratug síðustu aldar í Bandaríkjunum. Upphafið má



rekja til rannsóknar sem nefndist The Perry Preschool Program og hófst árið 1962 í Ypsilanti, Michigan. Beindist hún að börnum sem talin voru í áhættuhópi vegna fátæktar. Þátttakendur voru eitt hundrað tuttugu og þrjú 3ja til 4ra ára gömul börn af afró-amerískum uppruna sem bjuggu við bágar félagslegar aðstæður, greindarvísitala þeirra var lág ( á bilinu 70- 85) en þau voru ekki skert, hvorki líkamlega né vitsmunalega. Talið var að vegna ytri aðstæðna yrðu þau í áhættuhópi þegar skólaganga hæfist.

The High/Scope Perry Preschool Project- leikskólauppeldið byggir á virku námi þar sem áhersla er lögð á vitrænan og félagslegan þroska einstaklingsins. Börnin skiptust í tvo hópa. Annar hópurinn, 58 börn, fékk fyrsta flokks leikskólauppeldi en samanburðarhópurinn, 65 börn, sótti ekki leikskóla. Í hópunum var greindarvísitala á sama stigi sem og félagsleg staða, kyn og aldur. Einnig voru hóparnir sambærilegir hvað það snerti hvort faðirinn var á heimilinu, hvaða menntun foreldrar höfðu, fjölskyldustærð, húsnæði og hvar í systkinahópnum barnið var.

Börnin voru í leikskólanum frá mánudegi til föstudags 2.5 stundir á dag um tveggja ára skeið. Kennarar heimsóttu fjölskyldu hvers barns í 1.5 klukkustundir á viku. Auk þess voru foreldrar í litlum hópum saman á fundum einu sinni í mánuði sem skipulagðir voru af starfsfólki rannsóknarinnar.

Gögnum var safnað árlega þegar börnin voru 4- 11 ára, 14 ára, 15 ára og loks sem fullvaxnir einstaklingar við 19 ára og 27 ára aldur. Í niðurstöðum síðasta þáttar rannsóknarinnar sem náði til 95% þátttakenda sem þá voru orðnir 27 ára gamlir kom í ljós verulegur munur hvernig einstaklingum hópanna tveggja hafði vegnað. Félagsleg staða leikskólahópsins var sterkari, menntun þeirra meiri og betri fjárhagsleg staða. Niðurstöðurnar sýna að vandað leikskólauppeldi getur haft veruleg áhrif á framtíðarhorfur barna í samfélaginu. Nú hefur verið safnað gögnum frá Perry- nemendum þegar þeir voru á aldrinum 39- 41 árs og ber þessi hluti rannsóknarinnar nafnið High/Scope Perry Preschool Midlife Study.

David Weikart (1931-2003), sem var einn af burðarásunum í Perry Preschool rannsókninni vann ásamt félögum sínum síðar að rannsókn sem ber nafnið *Preschool Curriculum Comparison Study* og gengur út á, eins og nafnið gefur til kynna, að bera saman mismunandi uppeldisstefnur. Þátttakendur voru sextíu og átta þriggja til fjögurra ára börn í þremur hópum þar sem einn fékk hefðbundið leikskólauppeldi með áherslu á félagslega þáttinn, annar hópurinn var í prógrammi þar sem bein kennsla var undirstaðan. Með þriðja hópnum var unnið eftir *High-Scope Child Developmental Program* sem í samburði kom mjög jákvætt út varðandi þroskaferli barnanna.

Weikart stofnaði árið 1970 *The High/Scope Educational Research Foundation*. Um er að ræða sjálfstæða stofnun sem helgar sig rannsóknum, þróun í skólastarfi, kennaramenntun og kynningu á efni sem tengist menntun og uppeldi. Meginmarkmið stofnunarinnar er að stuðla að bættum náms- og þroskamöguleikum barna á öllum aldri, styrkja og mennta kennara og foreldra í uppeldisstörfum. Hugmynda- og kennslufræði *High/Scope* spannar náms- og þroskaferil einstaklingsins frá leikskóla til fullorðinsára.

Hugmyndafræði *High/Scope* byggir á þeirri sýn að í uppeldi séu börn virkir þátttakendur og þau geti fylgt eftir persónulegum áhugamálum sínum. Því eru þau hvött til að velja sjálf bæði efnivið og virkni innan ákveðins ramma. Meginmarkmið *High/Scope* stefnunnar er að auka færni barnanna við að leita lausna og styrkja sjálfstæða hugsun þeirra. Kennarar eru hvattir til að til að fylgjast með, styðja og taka þátt í athöfnum sem börnin eiga frumkvæði að, auk þess að skipuleggja annað námsframboð.

*High/Scope*-hugmynda- og kennslufræðin er í dag notað jafnt í opinberum sem einkareknum leikskólum, hálfsgögum sem heilsdagsviðveru og hjá dagmæðrum. Prógrammið er einnig notað sem náms- og þroskaleið fyrir börn með sérþarfir. *High/Scope* miðar nú við alla þjóðfélagshópa, börn í sveit jafnt sem borg og einskorðast ekki lengur við Bandaríkin. Gefið hefur verið út fjölþætt kennsluefni til nota í leikskólum.


Nám og kennsla í *High/Scope* byggist á fjórum meginreglum:

**Virkt nám** er grundvöllur *High/Scope* hugmyndafræðinnar. Það er skilgreint sem nám sem á sér rætur í hugmyndum barnanna en ekki í fyrirfram ákveðnum hugmyndum kennara. Frá fæðingu lærir einstaklingur af umhverfi sínu, því fólki sem hann umgengst, atburðum sem gerast í kringum hann, efni sem hann handfjatlar og hugmyndum sem hann fær að þróa.

- Hvatning: Börn læra best þegar þau fá hvatningu til að skipuleggja, framkvæma og ígrunda eigin gerðir.
- Stuðningur: Markvisst er stutt við börnin svo þau taki eigin ákvarðanir sem aftur hjálpar þeim að stjórna eigin gerðum betur og axla ábyrgð.
- Þroskaferli: Bernskan er þroskaskeið með sérstakar eigindir. Einstaklingurinn gengur í gegnum þroskaferli- vitrænt, félagslega, tilfinningalega og líkamlega.
- Nánari skilgreining á virku námi – vera og gera:
- Heildstæð hugmyndafræði um nám og kennslu er undirstaða námskrár í High Scope.
- Hugmyndafræði námskrár og hagnýt útfærsla hennar á að styðja við meðfætt upplag sérhvers barns.
- Kennarar, fræðimenn og stjórnendur vinna saman að þróun námskrár til að tryggja að fræðileg sýn og hagnýt reynsla haldist í hendur.
- Virkt nám byggir á jákvæðum samskiptum barna og fullorðinna.
- Kjarni hugmyndafræðinnar er nám sem byggir á reynslu barna af hlutum í umhverfi þeirra, samskiptum við annað fólk, viðbrögðum við hugmyndum og atvikum. Þessi reynsla byggir upp þekkingu og færni hjá börnunum.
- Börnin fá tækifæri til að velja og taka ákvarðanir og því er reynsla hvers barns sérstök.
- *Vera og gera* byggir á að barnið fái tækifæri til að upplifa og skynja, hugsa um og ræða reynslu sína við aðra.
- Stutt er við meðfædda innri þörf barnsins til að uppgötva. Persónulegur áhugi, spurningar og ætlanir leiða til rannsókna, tilrauna sem byggja upp nýja þekkingu, aukinn skilning og færni. Barnið spyr spurninga, er uppfinningamaður og leysir vandamál.

Námskráin er skipulögð út frá áhuga og þroska barnanna og er hægt að aðlaga mismunandi aldri og aðstæðum. Námið hefur að leiðarljósi það að *vera og gera*, kerfi sem gerir ráð fyrir að börnin setji sér eigin markmið og velji sér viðfangsefni innan skipulags umhverfis.

Hugmyndafræði *High/Scope* er skilgreind í bókinni *Educating Young Children*. 1995. Ypsilanti, MI., High Scope Press. Þar er sett upp skýringarmynd með svokölluðu námshjóli. Umgjörðin er *Nám- vera og gera* (Active learning) sem helst í hendur við *Frumkvæði* og *Áhersluþætti*. Hjólið skiptist síðan í fjóra hluta<sup>1</sup>:



Mynd 7.12: Námshjólið (Hohman & Weikart: 1995)

<sup>1</sup> Hugtökin eru þýdd á eftirfarandi hátt: Learning Environment= Umhverfi til leiks og náms. Daily Routine= Daglegt skipulag. Assessment= Mat. Adult-Child-Interaction= Samskipti fullorðinn/barn. Active learning= Virkt nám. Initiative= Frumkvæði. Key Experiences= Áhersluþættir (Lykilreynsla).

## **Samskipti fullorðinna og barna**

### 1. Samskiptaleiðir:

- Haft er að leiðarljósi að hugsun barna og rökfærsla lýtur öðrum lögmálum en fullorðinna.
- Áhersla er lögð á sérstöðu og styrk hvers barns.
- Hvatning er ætíð í fyrirrúmi.
- Hinn fullorðni er þátttakandi í barnahópnum.
- Hinn fullorðni tekur þátt í leiknum án þess að stjórna honum.

### 2. Lausn verkefna/mála

- Lögð er áhersla á að finna lausnir á vandamálum frekar en að nota kerfi þar sem áminningar, hrós eða verðlaun eru í fyrirrúmi.

## **Umhverfi til náms og leiks**

### 1. Leikur/vinna

- Skipulögð eru leiksvæði með tilliti til ákveðinnar virkni þar sem börnin geta gengið að viðeigandi efnivið.
- Alltaf er haft að leiðarljósi að börnin fái tækifæri til að velja og taka ákvarðanir.

### 2. Efniviður

- Notaður er jöfnum höndum efniviður úr náttúrunni, heimatilbúnir hlutir og aðkeyptir.

### 3. Fyrirkomulag/geymsla

- Lágur hillur, gegnsæ box eða kassar sem merktir eru með myndum svo börnin geti "lesið" sér til um innihald gera börnunum kleyft að nálgast efnið eftir þörfum og skila því á sama stað.

## Daglegt skipulag

Dagskipulagið gefur börnunum öryggi og festu því þau vita hvernig ytri ramminn í skólaskólastarfinu er. Innan þessa ramma er frelsið til að velja viðfangsefni. Daglegt skipulag gefur börnum og fullorðnum tilfinningu fyrir að leikskólinn er samfélag með reglum sem fela í sér jákvæðan aga og frelsi einstaklingsins. Skóladaurinn felur í sér undirbúning, framkvæmd og endurskoðun.

- **Valhópar** Kjarni vinnunnar er "Undirbúningur- framkvæmd- endurskoðunar"-ferlið þar sem börnin skipuleggja vinnu með viðfangsefni sem þau hafa valið, framkvæma og íhuga í lokin árangur vinnunnar.
- **Hópastarf** Í litlum hópum (4- 6 börn) eru börnin hvött til að kanna og gera tilraunir með nýtt eða þekkt efni sem hinir fullorðnu hafa valið út frá áhugasviði barna í valhópum, áhersluþáttum og atburðum sem gerast í samfélaginu.
- **Bekkjartími** Saman hafa börn og fullorðnir forgöngu um inntak samverustunda með tónlist, hreyfingu, sögum, samræðum, leikjum og sameiginlegum verkefnum.
- **Útivistartími**

## Mat

Teymivinna/atferlisathuganir/skráning

- Daglega safna kennarar og annað starfsfólk upplýsingum, skrá það sem þeir sjá og heyra í dagsins önn. Áður en börnin koma á morgnana, eftir að þau eru farin síðdegis eða í hvíldarstund sest starfsfólk saman og ber saman bækur sínar.

Mat á börnum

- Með reglulegu millibili eru framangreindar upplýsingar færðar inn fyrir hvert barn. Matið er afrakstur samvinnu kennara og annars starfsfólks og er því ætlað að vera stuðningur og styrkur við barnið á náms- og þroskaleið í leikskólanum.

## Áhersluþættir

Umhverfi barnanna er skipulagt með tilliti til eftirfarandi áhersluþátta (key Experiences). Kennari þarf að hafa skýra hugmynd um þau þekkingarform og þá færni sem fólgin er í áhersluþáttunum. Hlutverk kennara er fyrst og fremst að styðja við ákvarðanir barnanna og sýna stuðning í ferlinu.

- sköpun
- mál og myndun læsis
- frumkvæði/samskipti
- hreyfing
- tónlist
- röðun, flokkun, fjöldi
- rými, tími

### Tónlistarþátturinn í High/Scope

Í umfjöllun um tónlistarþáttinn (Educating Young Children: 433- 445) endurspeglast hugmyndafræðin mjög skýrt. Mikil áhersla er lögð á að hlusta á sjálfsprottna tjáningu barnanna, hvernig þau gera tilraunir og leika sér með hljóð og tóna. Út frá þessari hlustun vinnur svo kennarinn markvisst, grípur hugmyndir á lofti og spinnur áfram með börnunum. Þarna ræður eðlilæg forvitni ríkjum, sameiginlega uppgötva börn og fullorðnir töfraheim tónanna. Tónlist er hluti af daglegu starfi barnanna þegar þau velja sér hana sem viðfangsefni (*undirbúningur, framkvæmd, endurskoðun*), í hópastarfi og samverustundum. Lögð er áhersla á að iðka tónlistina bæði innan húss sem utan.

Á vefsíðu *High/Scope*<sup>2</sup> eru tilgreindir samtals 58 áhersluþættir. Séu þessir þættir skoðaðir nánar er ljóst að tónlistin tengist inn í mjög marga þeirra. En þeir þættir sem eru eyrnamerkir tónlistinni sérstaklega eru sex:

1. tónlist og hreyfing
2. að kanna og greina hljóð
3. söngroddin könnuð
4. að halda lagi
5. söngur
6. að spila á einföld hljóðfæri

Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónlist til að nota með hreyfingu. Þar er t.d. nefnd þjóðlagatónlist frá ýmsum löndum, djass og nútímatónlist. Af sígildri tónlist er sérstaklega rætt um tónlistarform sem tengjast dansi svo sem valsa og tangóa. Leitast skal við að kynna börnunum ekki eingöngu hljóðritaða tónlist heldur einnig lifandi flutning. Það að sjá spilað um leið og þau heyra bætir nýrri vídd við upplifun þeirra. Lagt er til að kennari fylgist með viðbrögðum barnanna þegar tónlist er spiluð og noti hugmyndir þeirra til að móta sameiginlegar hreyfingar fyrir allan hópinn.

Þegar unnið er með að kanna og greina hljóð er viðfangsefnið sótt í umhverfishljóðgjafa, einföld hefðbundin hljóðfæri sem og óhefðbundna hljóðgjafa. Börnin eiga að hafa aðgang að tækjum til að spila tónlist svo og hljóðritum (kassettur, geisladiskar). Áhersla er lögð á hljóðar stundir þar sem hlustað er á þögnina. Hlutverk kennara er ekki síst að taka eftir viðbrögðum barnanna við hinum ýmsu hljóðáreitum, vinna áfram með þau t.d. með því að gera stutta athugasemd eða með því að taka undir viðkomandi hljóð. Ýmiss konar hljóðleikir eru nefndir þar sem börnin hlusta eftir og

---

<sup>2</sup> <http://www.highscope.org/>

greina hljóðfæri. Hljóð eru tekin upp á leiksvæðinu og hlustað á þau og þau rædd þegar inn er komið. Almennt er lögð áhersla á að ræða um það sem heyrir.

Undir liðnum *Söngroddin könnuð* er kennari hlustandi sem tekur undir sjálfsprottinn söng barnanna þegar við á. Börnin eru hvött til að nota söngroddina í leik t.d. með því að þau komi inn með hljóð þegar saga er lesin og með notkun hljóðspila. Til að styrkja sönggetu barnanna eru ýmsir raddleikir notaðir þar sem tónhæð er æfð t.d. með því að fara í þrautakóng. Þá eru tveir eða þrír tónar spilaðir á hljóðfæri (í þægilegri raddlegu fyrir börnin) og þau látin endurtaka. Sungið er til barnanna í stað þess að tala. Viðbrögð þeirra eru oft að þau syngja tilbaka. Leikurinn *Þekkirðu lagið?* felst í því að humma án texta lög sem börnin þekkja vel og láta greina hvaða lag um ræðir.

Lögð er áhersla á mikinn söng, bæði í litlum hópi og stórum. Kennarar hvetja til söngs við vinnuna og gefa gaum að því sem börnin syngja ótilkvödd t.d. þegar þau eru úti. Börnin eru uppörvuð til að skapa sín eigin lög og búa til nýja texta við þekkt lög. Lagt er til að söngur barnanna sé tekinn upp. Á foreldrakvöldum eru sungin lög sem börnin læra í leikskólanum.

Hljóðfærakrökur með völdum hljóðfærum á að vera til staðar sem börnin hafa aðgang að eins og öðrum efnivið. Hljóðfærin eru notuð við ýmsar aðstæður t.d. í skruðgöngu, frjálsum dansi, hljóðsögu, leiknum að byrja/stoppa. Einnig eru ákveðin hljóðfæri notuð til að gefa til kynna þætti í dagsskipulagi t.d. þegar komið er að matartíma eða vinnustund á að byrja (Hohmann, M. & D.P. Weikart 1995; <http://www.highscope.org/>).

Heimild:

Hohmann, M. og Weikart D.P. (1995) *Educating Young Children*. Ipsilanti, MI: High Scope Press.